

Aukaping SSNE

Laugarborg, Eyjafjarðarsveit - 23. september 2022

Fundargerð

1. Þingsetning.

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður SSNE, setti fund kl. 11:05, kynnti sig og bauð fundarmenn velkomna fyrir hönd stjórnar. Þar sem margt nýtt sveitarstjórnarfolk væri tekið til starfa sagði hún stjórn hafa þótt tilefni til að kynna samtökin og tækifærin sem felast í samstarfinu. Öll værum við að vinna að sama marki, að byggja góð samfélög fyrir umbjóðendur okkar.

Hún sagði lykilatriði að vera í góðu samtali við sveitarstjórnarfulltrúa og starfsfólk SSNE væri sífellt að reyna að efla það samtal. Í því sambandi nefndi hún meðal annars vettvang föstudagsfunda og heimsóknir starfsfólks um allt svæðið í lok október.

Hún hvatti jafnframt þingfulltrúa til uppbyggilegra samtala og að ræða væntingar og hvaða áherslur ættu að vera í forgangi næstu tvö ár. Sérstaklega hvatti hún nýja þingfulltrúa til að nýta þennan vettvang.

1.1. Kosning fundarstjóra og ritara.

Formaður lagði til eftirfarandi starfsmenn fundarins:

Fundarstjóri:

- Snorri Finnlaugsson

Samþykkt samhljóða.

Fundarritarar:

- Ari Páll Pálsson.
- Hildur Halldórsdóttir.

Samþykkt samhljóða.

Snorri tók við fundarstjórn og kannaði að löglega hefði verið til þingsins boðað. Engar athugasemdir voru gerðar og lýsti hann þingið lögmætt að því leyti.

1.2. Kosning kjörnefndar.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu stjórnar um kjörnefnd fundarins:

- Arnar Þór Stefánsson.
- Hulda Elma Eysteinsdóttir.
- Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður.

Samþykkt samhljóða.

Hjálmar Bogi Hafliðason, formaður kjörnefndar, upplýsti fundinn um að 28 af 36 væru mættir, en 24 þyrfti til að þingið væri lögmætt.

Fundarstjóri lýsti þingið því lögmætt.

2. Kynning á starfsemi SSNE

Framkvæmdastjóri SSNE, Albertína F. Elíasdóttir, fór yfir tilurð, fjármögnun, markmið og hlutverk SSNE, að hverju starfsfólki væri að vinna að og hverju stefnt væri að. Hún sagði mikið vera af nýjum sveitarstjórnarfulltrúum, sveitarstjórum og hún einnig nýr framkvæmdastjóri. Þá hvatti hún gesti til að spyrja spurninga jafnóðum ef eitthvað brynni á þeim.

Framkvæmdastjóri bauð Sigurði Þór Guðmundssyni, fulltrúa Langanesbyggðar, að koma upp og segja söguna og deila reynslunni af myndun SSNE.

Sigurður minnti á Norðurlandi eystra byggju um 30 þúsund manns og lagði áherslu á að þingfulltrúar væru fulltrúar og hið sameiginlega afl þessa fólks og þyrftu að tala þeirra rödd.

Hann rakti síðan aðdragandann að sameiningu félaganna sem mynduðu SSNE. Hann benti á að landsvæðið væri mjög stórt og sveitarfélögin um margt mjög ólík og með ólíka hagsmuni. Hann vék að byggðamynstrinu, sem væri höfuðborgin Akureyri og því næst stóru þéttbýlisstaðirnir; Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík og Húsavík, sem hefðu gríðarlegt vægi. En síðan væru allir hinir, íbúar dreifbýlisins, sem hefðu sama íbúafjölda og stóru þéttbýlisstaðirnir samtals. Þeir dreifðust á mörg sveitarfélög en hefðu mörg sameiginleg hagsmunamál og SSNE væri vettvangur sem við gætum beitt fyrir þau. Ætlunina sagði Sigurður hafa verið að búa okkur til öflugri málsvörn og öflugra starfsfólks, sem hann taldi hafa tekist.

Kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar þyrftu hendur til að vinna að markmiðunum sem Sigurður sagði skýr; gott mannlíf og að við verðum hamingjusömum í heimi, því til að svo yrði þyrfti flest annað að vera í lagi. Þetta væri alþingið okkar og hér ættum við að segja starfsfólki SSNE hvað það eigi að gera og stjórn að hverju hún eigi að vinna. Þá vék Sigurður að Sóknaráætlun, sem væri leiðarljósið í okkar starfi. Mikilvægt væri að uppfæra hana því gefi þingið starfsemi félagsins ekki nógu skýr skilaboð um að hverju hún skuli beinast, sér vinnur hún eftir áherslum Sóknaráætlunar.

Albertína þakkaði Sigurði fyrir góða hugvekjju, og tók undir mikilvægi þess að sveitarstjórnarfulltrúar séu duglegir að hafa samband við starfsfólk SSNE, sem væri boðið og búið til samtals og samstarfs um góða hluti, en hafa þyrfti orð á því. Þá kynnti hún starfsstöðvar félagsins og hvatti þingulltrúa og annað sveitarstjórnarfólk til að koma þar við og spjalla.

Næst vék Albertína að fjölmörgum verkefnum starfsfólksins og nefndi þar ráðgjöf, til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga og aðstoð við styrkumsóknir til að efla atvinnulíf og mannlíf. Þá stæði SSNE einnig fyrir, og tæki þátt í, ýmsum hröðlum, s.s. Ratsjanni, Matsjanni og Hacking Northeast Iceland og fleiru. Eitt stóra verkefni SSNE fælist í að vera tengiliður við sveitarfélögin og milli sveitarfélaganna og ríkisins. Þá nefndi hún verkefni tengd Sóknaráætlun, sem nánar yrði rætt um síðar á þinginu.

Einnig nefndi hún kynningu á viðburðum og hagsmunagæslu þar sem víðtækt samstarf væri við stofnanir á svæðinu um að tryggja að þjónusta sé til staðar. Enn fremur sinni SSNE öflun og miðlun upplýsinga.

Albertína sagði mjög náið samstarf og samtal milli landshlutasamtakanna og ýmis samstarfsverkefni. Á döfinni væri þing formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna sem haldið yrði á Húsavík. Hún sagðist mjög spennt fyrir því þeim spennandi hlutum sem þar væru að gerast í tengslum við Hraðið á hafnarstéttinni og hvatti fólk til að kynna sér þá miklu gerjun sem þar á sér stað.

Öll þessi verkefni væru tekin saman í starfsáætlun sem unnin væri fyrir ár hvert og byggði hún á mörgum þáttum, s.s. byggðaáætlun, áherslum sóknaráætlunar og tillögum frá þingum SSNE. Hún sagði drög að starfsáætlun fyrir næsta ár hafa verið send fulltrúum ásamt öðrum þinggögnum sem jafnframt væru aðgengileg á heimasíðu SSNE undir málaflokknum sveitarstjórnarmál.

Framkvæmdastjóri minnti á heimsóknir SSNE til sveitarfélaga í lok október og byrjun nóvember og óskaði eftir að hitta sem flesta úr sveitarstjórnnum og ræða sértæk sveitarstjórnarmál á hverjum stað fyrir sig, sem og að sérstök áhersla yrði á umhverfismál.

Í lok erindis síns ítrekaði Albertína mikilvægi samtalsins og hvatti þinggesti til að nýta þing, landsfundir og fjármálaráðstefnu til þess að hittast og læra hvert af öðru.

Fundarstjóri þakkaði Albertínu fyrir og gaf orðið laust. Enginn tók til máls.

[Hér má sjá kynninguna.](#)

3. Hvað er Sóknaráætlun: Hvernig getur sveitarstjórnarfólk haft áhrif á verkefnaval SSNE?

Framkvæmdastjóri flutti kynningu á Sóknaráætlun Norðurlands eystra, sem hún sagði grundvallarskjal í allri okkar vinnu. Stefnuskjal um hvernig við ætlum að byggja upp landshlutann og hlúa að tækifærum á svæðinu. Hvað þarf til að láta framtíðarsýnina verða að veruleika og hvað þurfum við að gera til að komast þangað?

Hún sagði að fyrir lægi, á næstu tveimur árum, að móta næstu sóknaráætlun. Að þeirri vinnu kæmu margir aðilar, en kjörnir fulltrúar væru þar grundvallaraðilar sem á endanum samþykktu stefnuna.

Framkvæmdastjóri fór stuttlega yfir þrjá megin flokka sóknaráætlunar og fjármögnun hennar. Hún vakti máls á því að finna þyrfti leiðir til að virkja samráðsvettvang sóknaráætlunar og gerði grein fyrir hlutverki Bygðastofnunar og stýrihóps stjórnarráðsins við gerð sóknaráætlana, árangursmat á þeim og eftirlit með fjárreiðum þeirra.

Hlé

Framkvæmdastjóri hélt áfram kynningu á Sóknaráætlun og rakti dæmi um markmið og aðgerðir í málaflokkunum þremur; atvinnuþróun og nýsköpun, menningarmálum og umhverfismálum.

Hún fór sérstaklega yfir umhverfismálin, greindi frá kynningum sem yrðu á næstunni og hvatti fólk til að mæta. Þá greindi hún einnig frá hugmynd að spretthópum í umhverfismálum sem verið væri að koma á fót.

Framkvæmdastjóri vék næst að Uppbyggingarsjóði, eðli hans og hlutverki. Hún bauð Katrínu Sigurjónsdóttur, formanni úthlutunarnefndar, að koma upp og segja nánar frá sjóðnum.

Katrín kynnti starfsemi sjóðsins, fór yfir umsóknar- og úthlutunarferlið og gerði grein fyrir fjármunum til úthlutunar, fjölda umsókna og styrkja og skiptingu milli málaflokka.

Hún sagði mjög gaman að starfa í úthlutunarnefnd og fá þannig góða innsýn í þá grósku sem er í þessum málaflokkum á svæðinu.

Katrín lauk máli sínu með að bjóða fólki að heimsækja Hraðið, nýju starfsaðstöðuna á Húsavík, sem á að verða suðupottur samtals og hugmyndasköpunar og einnig hvatti hún fólk til að heimsækja komandi Hrutadaga á Raufarhöfn.

Framkvæmdastjóri þakkaði Katrínu fyrir. Hún gerði næst grein fyrir fagráðunum þremur, sem starfa hvert í sínum málaflokki sóknaráætlunar, hlutverki þeirra og aðkomu þeirra að úthlutunarnefnd.

Að því búnu fór framkvæmdastjóri yfir áhersluverkefni síðustu tveggja ára og gerði grein fyrir heildarfjármagni styrkúthlutana og fjármagni sem er að koma inn í landshlutann í gegnum SSNE, s.s. í gegnum verkefni stefnumótandi byggðaáætlunar. Í því sambandi nefndi hún sem dæmi nýsköpunar- og þróunarverkefni um öldrunarþjónustu í Fjallabyggð, og hvatti fólk til að heimsækja Fjallabyggð og kynna sér það spennandi verkefni.

Framkvæmdastjóri bað næst Hildi Halldórsdóttur, starfsmann SSNE, að koma upp og segja frá úthlutunarferli uppbyggingarsjóðs sem framundan er.

Hildur gerði grein fyrir tímalínu ferlisins og hvernig kynningu og ráðgjöf er háttað.

Framkvæmdastjóri þakkaði Hildi fyrir og sendi hvatningu inn í hópinn. Þá kynnti hún til leiks Hildi Jönu Gísladóttur með hvatningarorð fyrir næsta dagskrárlið, um hvernig sveitarstjórnarfolk eða aðrir geta haft áhrif á starf SSNE og úthlutun fjármagns.

Hilda Jana hvatti fólk til að hafa samband við SSNE, minnti á að það væri þjónustueining, m.a. fyrir sveitarstjórnarfolk, og starfsfolk væri þjónusturíkt og jákvætt.

Hilda Jana tók dæmi frá fyrra ársþingi þegar Langanesbyggð lagði fram tillögu um að SSNE legði aukna áherslu á umhverfismál. Í kjölfarið var tillagan samþykkt á ársþingi. Það var ekki aðeins í orði, heldur breytti öllu að ársþing skyldi samþykkja þetta. Umhverfismál urðu þriðja undirstaða í sóknaráætlun, umhverfisnefnd var sett á laggirnar og fjármunum var úthlutað til umhverfis- og loftslagsmála.

Hún hvatti sveitarstjórnarfulltrúa til þess að vekja athygli á þessum vettvangi, ráðgjöfinni sem er í boði og til að hvetja fólk í nær samfélaginu til þess að nýta það. Það þyrftu ekki allir sem erum með góðar hugmyndir að vera góðir í umsóknarskrifum, en mikilvægt væri að leita í þá ráðgjöf sem til staðar er.

Hún hvatti einnig sveitarstjórnarfulltrúa til að taka þátt og efla samskipti, hvetja hvert annað og samgleðjast þegar vel gengur. Við værum sveitarstjórnarfulltrúar því við viljum gera samfélagið okkar betra og hér væri tækifæri.

Fundarstjóri þakkaði Hildu Jönu fyrir og tók undir orð hennar.

[Hér má sjá kynninguna.](#)

4. Samtal sveitarstjórnarfólks.

Framkvæmdastjóri kynnti borðumræður þar sem þinggestir voru beðnir að ræða svara eftirfarandi spurningum:

Hvaða tækifæri sjáið þið í eflingu samstarfs sveitarfélaga á Norðurlandi eystra?

Hvaða áherslur mynduð þið vilja sjá vera í forgangi hjá SSNE næstu tvö ár – innlegg inn í áhersluverkefni og uppfærslu á aðgerðaráætlun sóknaráætlun?

Eftir umræður á kynntu borðstjórar þær tillögur sem fram komu í hópunum.

5. Umræða um drög að ályktunum

Fyrir þinginu lágu drög að sjö ályktunum sem nú var skipt niður á borðin og gátu þinggestir valið borð eftir áhugasviði. Óformlegar umræður fóru fram um ályktanirnar sem afgreiddar yrðu í lok þings.

6. Kosning Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu um skipan Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.

Samkvæmt samstarfssamningi um skipan heilbrigðisnefndar og rekstur heilbrigðiseftirlits þing SSNE skipa nýja heilbrigðisnefnd að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fimm nefndarmenn eru tilnefndir af sveitarstjórnnum og fimm til vara.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra verði þannig skipuð:

- Helgi Haraldsson, Akureyrarbæ

- *Málfríður Stefanía Þórðardóttir, Akureyrarbæ*
- *Stefán Haukur Grímsson, Norðurþingi*
- *Anna Karen Úlfarsdóttir, Svalbarðsstrandarhreppi*
- *Sigríður Friðný Halldórsdóttir, Langanesbyggð*

Varamenn:

- *Andri Teitsson, Akureyrarbæ*
- *Hannesína Scheving, Akureyrarbæ*
- *Ásta Hermannsdóttir, Norðurþingi*
- *Jóhanna María Oddsdóttir, Hörgársveit*
- *Arna Hjörleifsdóttir, Þingeyjarsveit.*

Samþykkt samhljóða

7. Tillaga um skipan formanns úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra.

Fundarstjóri kynnti eftirfarandi tillögu stjórnar um skipan fulltrúa í úthlutunarnefnd í stað Katrínar Sigurjónsdóttur, formanns og Guðna Bragasonar. Tillöguna, ásamt skýringum, má nálgast [hér](#).

Tillaga um skipan í úthlutunarnefnd uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra í stað Katrínar og Guðna.

*Hilda Jana Gísladóttir, Akureyri, formaður
Áki Guðmundsson, Bakkafirði*

Varamenn:

Sigríður Ingvarsdóttir, Fjallabyggð

Samþykkt samhljóða.

8. Tillaga um mönnun starfsstöðva (vísað til afgreiðslu frá Ársþingi SSNE í apríl).

Fundarstjóri bauð Albertínu að kynna aðdraganda að eftirfarandi tillögu sem var áður lögð fram á ársþing SSNE í apríl en samþykkt þar að fresta afgreiðslu til aukapings. Tillöguna ásamt ítarlegum skýringum má nálgast [hér](#).

„Starfsstöðvar SSNE á Húsavík og á Akureyri verða hvor um sig mannaðar með tveimur stöðugildum að lágmarki og aðrar starfsstöðvar með ekki minna starfshlutfall en nú þegar er, þ.e. 30% stöðugildi í starfsstöð á austursvæði og 60% stöðugildi á Tröllaskaga. Að öðru leyti verða störf hjá SSNE hér eftir auglýst óháð staðsetningu innan starfssvæðis SSNE.“

Fundarstjóri opnaði mælendaskrá. Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

9. Afgreiðsla ályktana.

Fundarstjóri bauð framkvæmdastjóra stýra umræðum um ályktanir.

9.1. Ályktun um málefni fatlaðs fólks

Aukaping SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 leggur þunga áherslu á að ríkið leggi til aukíð fjármagn til að standa undir útgjöldum sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk og til að mæta sívaxandi kröfum um hærra þjónustustig.

Aukabing SSNE skorar á ráðherra að hraða vinnu við mótun tillagna um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu fatlaðs fólks þannig að niðurstöður liggi fyrir eins fljótt og auðið er, eða þannig að sveitarstjórnir geti gert ráð fyrir breytingum við gerð fjárhagsáætlana ársins 2023. Jafnframt leggur aukabing SSNE ríka áherslu á að Alþingi tryggi aukið fjármagn til málaflokksins á árinu 2022 til að stöðva langvarandi halla á rekstri hans, en því miður er ekki hægt að sjá vilja til þess endurspeglast í fjárlagafrumvarpi því sem fjármálaráðherra lagði nýverið fram.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Samþykkt samhljóða

9.2. Ályktun um innanlandsflug

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 skorar á stjórnvöld að kanna leiðir sem bætt geta flugsamgöngur innanlands þannig að ekki sé hvikað frá markmiðum gildandi Flugstefnu Íslands. Mikilvægi innanlandsflugs fyrir íbúa landshlutans er mikið, enda þurfa íbúar oft að sækja þjónustu sem eingöngu er hægt að nálgast í Reykjavík. Það er óásættanlegt að ekki sé hægt að treysta á almenningsamgöngur í lofti þegar á þarf að halda. Mikilvægt er friður skapist um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar til framtíðar, m.a. vegna sjúkraflugs. Auk þess er nauðsynlegt að tryggja áreiðanleika flugáætlunar og nauðsynlegt sætaframboð.

Aukabing SSNE áréttar að stöðugleiki og skilvirkni í innanlandsflugi er ekki síður mikilvægur ferðþjónusta í landshlutanum, en það er gegnir lykilhlutverki þegar kemur að því að dreifa ferðafólki betur um landið, allt árið um kring.

Þá telur aukabing SSNE mikilvægt að stjórnvöld efli Loftbrúarverkefnið enn frekar og tryggi að íbúar verði ekki af þeim réttindum þó röskun verði á flugáætlun. Þá er mikilvægt að innanlandsflug til Húsavíkur verði tryggt í sessi, sem og flugáætlun frá Akureyri til Þórshafnar, en þar er um að ræða mikilvæga samgönguleið fyrir íbúa landshlutans, ekki síst yfir vetrartímann.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Breytingartillaga um að ein setning falli út.

Breytingartillaga felld

Samþykkt samhljóða

9.3. Ályktun SSNE um fyrirhugaða gjaldtöku í jarðgöngum

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 fagnar aukinni áherslu ríkisstjórnarinnar á þjóðhagslega arðsamar flýtiframkvæmdir í samgöngum, en fordæmir harðlega þá hugmynd að taka upp gjaldtöku í öllum jarðgöngum landsins, óháð staðsetningu og ástandi, til að standa undir kostnaði við framkvæmdirnar. Ef frumvarp innanríkisráðherra sem lagt var fram í Samráðsgátt stjórnvalda síðastliðið sumar yrði lagt fram og samþykkt á Alþingi óbreytt væri það tekið fyrsta skrefið í þeirri vegferð að færa okkur nær slíkri gjaldtöku. SSNE hvetur stjórnvöld til að skoða aðrar og sanngjarnari leiðir til fjármögnunar á samgöngumannvirkjum.

Með innheimtu veggjalda á þá sem fara um jarðgöng er verið að leggja gjald á notendur einnar tegundar samgöngumannvirkja þ.e. jarðgöng og láta notendur þeirra greiða fyrir samgöngubætur annars staðar á landinu. Nái þessar fyrirætlunir fram að ganga er gjaldtakan að leggjast afar þungt á

nokkur byggðalög þar sem íbúar eiga verulega erfitt með að komast hjá því að nota þessi samgöngumannvirki. Þannig er þeim íbúum ætlað að greiða hærri hlutfallslegan kostnað fyrir eina tegund samgöngumannvirkja á meðan að ekki er verið að leggja gjald t.d. á brýr, mislæg gatnamót, tvöföldun vega, flugvelli, hafnir eða önnur kostnaðarsöm samgöngumannvirki.

Hvalfjarðargöng sem eru langmest eknu jarðgöng landsins, hafa þegar verið greidd upp af vegfarendum með gjaldtöku og afhent ríkinu án endurgjalds. Nú er verið að greiða upp Vaðlaheiðargöng með gjaldtöku. Önnur jarðgöng, sem eru í notkun, eru á svæðum sem búið hafa við landfræðilega einangrun.

Það er hagur allra landsmanna að samgöngur séu öruggar og góðar. Samgöngur skipta miklu máli er kemur að uppbyggingu atvinnulífs, aðgengi að þjónustu, jákvæðri byggðaðróun og lífsgæðum íbúa. Því hvetur SSNE stjórnvöld til að viðhafa faglegri vinnubrögð, betri undirbúning og meiri samvinnu við breiðari hóp hagsmunaaðila áður en farið er af stað með lagasetningu, sem getur leitt til skaðlegra áhrifa fyrir ýmsar byggðir landsins.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Samþykkt samhljóða

9.4. Ályktun um vetrarþjónustu á Dettifossvegi

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 skorar á ríkisvaldið að tryggja vetrarþjónustu á þeirri verðmætu fjárfestingu sem Dettifossvegur er. Fyrirsjáanleiki í þjónustu skiptir sérstaklega miklu í því samhengi til að tryggja bæði aðgengi fyrir flutningsaðila sem í auknum mæli nýta veginn til að dýrmætum útflutningsvörum til hafnar á Austfjörðum, auk þess að tryggja mikilvægt öryggi fyrir ferðamenn sem eru í síauknum mæli að ferðast um svæðið allt árið kring.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Oddviti Hörgársveitar tók til máls og sagði miklar umræður hafa orðið þessa vetrarþjónustu. Hann bar upp eftirfarandi aukatillögu:

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 skorar á ríkisvaldið að tryggja vetrarþjónustu á tengivegum á starfssvæði SSNE. Trygg og regluleg þjónusta er nauðsynleg til að fjölbreytt atvinnulíf og búseta í sveitum í landshlutanum blómstri.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Samþykkt samhljóða

9.5. Ályktun um aukið aðgengi að fjarnámi á háskólastigi

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 leggur þunga áherslu á aukið aðgengi að fjarnámi á háskólastigi, sem skiptir sköpum fyrir lífsgæði og atvinnulíf á svæðinu. Hvetur þingið háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra til að beita sér af fullum þunga fyrir því að háskólar landsins bjóði upp á fjölbreytt fjarnám. Þar sem stærsti háskóli landsins, Háskóli Íslands, hefur ekki sýnt nægjanlegan vilja í verki til að sinna nemendum utan höfuðborgarsvæðisins, sér aukabing SSNE ástæðu til þess að hvetja sérstaklega stjórnendur HÍ og kennara skólans til að gera almennt betur í þjónustu við íbúa landsbyggðanna, sem hvorki þarf að vera kostnaðarsamt né flókið.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Samþykkt samhljóða

9.6. Ályktun um fjármögnun Sóknaráætlunar Norðurlands eystra

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 skorar á stjórnvöld að auka fjármögnun til Sóknaráætlunar Norðurlands eystra í stað þess að draga úr henni enn eitt árið, líkt og boðað er í fjárlögum 2023. Þetta gerir það að verkum að fjármagn til sóknaráætlana verður minna en það var árið 2017. Þessi þróun er sérstaklega óskiljanleg í því ljósi að í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarflokkanna árið 2021, kemur skýrt fram að efla eigi sóknaráætlanir landshlutanna. Sóknaráætlanir hafa verið öflugt tæki sem heimafólk hefur fengið að beita til að ná fram betri nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku til þeirra sem þekkja best til aðstæðna. Sóknaráætlanir landshlutanna eru mikilvægur farvegur fyrir beinan stuðning til nýsköpunarverkefna, svæðisbundinna sprota og frumkvöðla í gegnum Uppbyggingarsjóð Norðurlands eystra.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Fundargestir tóku til máls.

Samþykkt samhljóða

9.7. Ályktun um aðgengi að raforku

Aukabing SSNE haldið í Laugarborg í Eyjafjarðarsveit 23. september 2022 leggur áherslu á að öll sveitarfélög landsfjórðungsins eigi kost á eðlilegum þróunarmöguleikum til uppbyggingar hvað varðar aðgengi að raforku. Sérstakt áhyggjuefni er nú hinir takmörkuðu möguleikar sem Langanesbyggð stendur frammi fyrir vegna þeirrar óásættanlegu raforkutengingar sem sveitarfélagið býr við. Aukabing SSNE skorar á ráðherra orkumála að beita sér fyrir úrbótum á þessu í samvinnu við raforkuflutningsfyrirtæki, s.s. RARIK og Landsnet, þannig að atvinnulíf og íbúar alls landsfjórðungsins geti tekið fullan þátt í orkuskiptum.

Framkvæmdastjóri gaf orðið laust.

Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða

Hlé.

10. Samtal sveitarstjórnarfólks og þingmanna Norðausturkjördæmis.

Fundarstjóri kynnti næsta fundarlið og bauð Ingibjörgu Ísakssen, 1. þingmann kjördæmisins að ávarpa þingið.

Ingibjörg bar kveðju frá öðrum þingmönnum kjördæmisins sem ekki sáu sér fært að mæta, en gat þess að þeir yrðu á ferðinni í kjördæmaviku 3-7 október. Hún lýsti ánægju sinni með að taka þátt í þinginu, en sjálf hefði hún lengi starfað í sveitarstjórnarmálum og stigið sín fyrstu spor í þessari sveit.

Á þessum vettvangi fyndi hún meiri nálægð við íbúana og verkefnin, og hlutirnir gerðust hraðar. Hún sagðist hlakka til að heyra frá fundargestum um hvað betur mætti fara og bauð þeim að spyrja spurninga.

Þinggestir báru upp spurningar um ýmis málefni og Ingibjörg var fyrir svörum. Meðal málefna sem bar á góma voru framlög í fjárlögum til sóknaráætlana, verkefni Brothættra byggða og hlutverk Akureyrar sem svæðisborgar.

Ingibjörg sagði svæðishlutverk Akureyrar mikilvægt fyrir landshlutann í heild og hvatti sveitarfélögin til dáða og að tala einni rödd. Sem dæmi um góðan árangur nefndi hún millilandaflug til Akureyrar.

Spurt var um málefni Sjúkrahússins á Akureyri og hlutverk þess í heilbrigðisþjónustu sem háskólasjúkrahús og í tengslum við fjarkennslu. Ingibjörg sagði þingmenn kjördæmisins standa heilshugar á bak við það verkefni.

Meðal annarra málefna sem bar á góma og spurt var um voru vetrarþjónusta á Dettifossvegi, hjúkrunarheimili, Heimskautsgerðið á Raufarhöfn, málefni fatlaðra og skipting kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga, fiskeldi, húsnæðismál sveitarfélaga og landfræðileg staðsetning opinberra stofnana. Var í því samhengi sérstaklega rætt um sameiningu sýslumannsembættu. Að endingu var fyrirspurn og umræður um gjaldtöku í jarðgöngum.

Ekki voru fleiri spurningar. Ingibjörgu var þakkað fyrir komuna og hún þakkaði fyrir samtalið.

11. Samantekt og þingslit.

Fundarstjóri þakkaði fyrir þingið. Þakkaði Albertínu sérstaklega fyrir gott handrit, og hrósaði starfsmönnum fyrir góða vinnu.

Fundarstjóri bauð formanni, Lára Halldóru Eiríksdóttur að slíta fundi.

Góður og gagnlegur dagur fyrir okkur öll. Hvetur nýtt fólk til að kynna sér sóknaráætlunina vel. Ekki í vafa um að við getum lyft grettistaki og gert góða hluti í málefnum sveitarfélaganna á svæðinu.

Stjórn hefur tekið ákvörðun um að annað aukabing verði 2. desember í fjarfundu.

Lára Halldóra sleit þingi kl.15:36.